

Ríkisendurskoðun
00 620

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Yfirlit um afkomu ársins	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	10
Skýringar	11

Ríkisendurskoðun

kt. 540269-1819

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnenda

Skv. lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er ríkisendurskoðandi trúnaðarmaður Alþingis. Ríkisendurskoðandi annast endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila og fyrirtækja þar sem eignarhald ríkissjóðs er 50% eða meira, hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannafjár svo sem nánar er mælt fyrir um í 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðun er skrifstofa ríkisendurskoðanda.

Ríkisendurskoðun er ríkisaðili í A1 hluta ríkissjóðs. Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 01 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum. Starfsemin á árinu byggir á heimildum í fjárlögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er að finna á sérstöku yfirliti á bls. 10 í ársreikningnum.

Á árinu 2025 var ársveltan 977,6 milljónir króna og afkoma neikvæð um 101,2 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir 187,5 milljónum króna og hrein eign í árslok 2025 um 21,7 milljónir króna. Ljóst er að áframhaldandi óbreyttur rekstur er ekki sjálfbær, sem kallar á breytingar á árinu 2026.

Ársverk hjá Ríkisendurskoðun voru 44,1 sem er fjölgun um 1,9 stöðugildi frá árinu 2024, Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 908,0 milljónum króna á árinu 2025.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur. Ekki hafa ekki komið upp tilvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka eins og skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Öll útgjöld og fjármálalegar ráðstafanir hafa verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málaflokka er rétt. Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir á eignum. Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og ennfremur teljum við lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á eignum eru viðeigandi. Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áfallnar og skilyrtar, þar á meðal ábyrgðir sem veittar hafa verið vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningar, skaðabótakröfur, málaferli og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðu embættisins.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðu í lok árs.

Það er álit okkar að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðandi og sviðsstjóri stoðsviðs staðfesta hér með ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. júní 2026

Guðmundur Björgvin Helgason, ríkisendurskoðandi
(undirritað rafrænt)

Jón Loftur Björnsson, sviðsstjóri stoðsviðs
(undirritað rafrænt)

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til forseta Alþingis

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2025, efnahag 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög sem um embættið gilda.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháðir Ríkisendurskoðun í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur Ríkisendurskoðunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit endurskoðandans. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Nánar tiltekið er eftirfarandi aðferðum beitt:

- Hætta á verulegri skekkju í ársreikningnum er metin og greind, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi. Endurskoðunaraðgerðir eru tilniðnar og gerðar til að bregðast við þeim hættum og endurskoðunargagna er aflað sem metin eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflun skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, er gerð í þeim tilgangi að beita viðeigandi endurskoðunaraðgerðum, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits embættisins.
- Metið er hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar.

Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um einstaka liði ársreikningsins.

- Við lok endurskoðunar er metið í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, lagt er mat á framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Endurskoðandi upplýsir stjórnendur Ríkisendurskoðunar um áætlað umfang endurskoðunarinnar og um mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Kópavogi, 1. júní 2026

AT-Ráðgjöf ehf.

Árni Tómasson, endurskoðandi
(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	795.800.000	778.700.000
Seld þjónusta	3	172.263.352	165.652.945
Aðrar tekjur	3	2.413.000	1.440.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	7.090.722	7.929.334
Tekjur samtals		977.567.074	953.722.279
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	908.018.259	809.451.229
Annar rekstrarkostnaður	5	154.434.652	148.061.204
Afskriftir og niðurfærslur	6	14.203.575	14.748.044
Gjöld samtals		1.076.656.486	972.260.477
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(99.089.412)	(18.538.198)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		35.389	274.998
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(2.188.365)	(2.490.058)
		(2.152.976)	(2.215.060)
Afkoma ársins		(101.242.388)	(20.753.258)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	734.831
Tengdir aðilar	7	142.796.893	213.900.185
Fyrirframgreiddur kostnaður		442.204	439.467
		<u>143.239.097</u>	<u>215.074.483</u>
Fastafjármunir	6		
Varanlegir rekstrarfjármunir		15.062.393	22.347.115
Afnotaréttur leigueigna		29.226.528	35.092.209
		<u>44.288.921</u>	<u>57.439.324</u>
Eignir samtals		<u><u>187.528.018</u></u>	<u><u>272.513.807</u></u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Tengdir aðilar	7	477.984	643.726
Viðskiptaskuldir		7.857.229	5.592.174
Ýmsar skammtímaskuldir	9	102.018.226	83.167.418
Næsta árs afborgun langtímaskulda	10	10.735.828	12.370.275
		<u>121.089.267</u>	<u>101.773.593</u>
Langtímaskuldir			
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	20.685.836	18.066.147
Leiguskuldbinding	10	24.067.726	29.746.490
		<u>44.753.562</u>	<u>47.812.637</u>
Skuldir samtals		<u><u>165.842.829</u></u>	<u><u>149.586.230</u></u>
Eigið fé	8		
Hrein eign		21.685.189	122.927.577
Eigið fé samtals		<u><u>21.685.189</u></u>	<u><u>122.927.577</u></u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>187.528.018</u></u>	<u><u>272.513.807</u></u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(101.242.388)	(20.753.258)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og niðurfærslur	6	14.203.575	14.748.044
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(7.090.722)	(7.929.334)
		(94.129.535)	(13.934.548)
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		732.094	6.904.093
Tengdir aðilar		70.937.550	13.341.954
Skammtímaskuldir án næsta árs afborgana		21.161.763	(8.294.490)
		92.831.407	11.951.557
Handbært fé (til rekstrar) / frá rekstri		(1.298.128)	(1.982.991)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	0	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		194.000	0
		194.000	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Greidd leiguskuld		(6.395.872)	(5.749.262)
Fjárfestingarframlag		7.500.000	7.300.000
		1.104.128	1.550.738
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	(432.253)
Handbært fé í byrjun árs		0	432.253
Handbært fé í árslok		0	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Samkvæmt fjárlögum og fjáráukalögum 2025	795.800.000	7.500.000	803.300.000
Aðrar breytingar fjárheimilda	0	0	0
Fjárveiting ársins	795.800.000	7.500.000	803.300.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024 (umframráðstafað)	122.927.577	1.693.435	124.621.012
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	918.727.577	9.193.435	927.921.012
Ráðstöfun fjárveitinga á árinu til rekstrar/til fjárfestinga	(897.042.388)	194.000	(896.848.388)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025 (umframráðstafað)	21.685.189	9.387.435	31.072.624
	2025	2024	2023
Hlutfall afkomu af rekstrarfjárveitingu	-12,7%	-2,5%	6,4%
Hlutfall uppsafnaðrar afkomu af rekstrarfjárveitingu	2,7%	15,9%	18,3%

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur embættisins, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnað sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignanna í formi afskrifta. Til mótvægis við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna er færður skuldaliður, Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga. Endurspeglar þessi skuldaliður uppsafnaða fjármögnun ríkisins til fjárfestinga embættisins, að fráðreginni áætlaðri rýrnun eignanna. Skuldaliður þessi færir til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða fellur niður við sölu þeirra, nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Hér fer á eftir yfirlit um Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga, stöðu í árslok og breytingar á árinu:

	31.12.2025	31.12.2024	
Frestaðar tekjur vegna eftirstöðva fjárveitinga til fjárfestinga	15.108.293	22.347.115	
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	9.387.435	1.693.435	
Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga	24.495.728	24.040.550	
	Uppsöfnuð fjár- festing að frá- dreginni rýrnun	Ónotuð (ofnýtt) fjárveiting	Samtals frestun tekjufærslu
Staða 1.1.2025	22.347.115	1.693.435	24.040.550
Fjárveiting ársins til fjárfestinga skv. fjárlögum	0	7.500.000	7.500.000
Bókfært verð seldra eigna/söluverð seldra eigna	(148.100)	194.000	45.900
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	0	0	0
Reiknuð tekjufærsla frestaðra tekna	(7.090.722)	0	(7.090.722)
	15.108.293	9.387.435	24.495.728

Skýringar

1 Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Breyting á reikningsskilaaðferðum

Á árinu var gerð sú breyting að færa skuldbindandi leigusamninga vegna starfsemi Ríkisendurskoðunar til eignar og til mótvægis var færð upp leiguskuldbinding meðal skulda. Samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2024 eru leiðréttar til samræmis. Vísast til skýringa nr. 6, 8 og 10 í þessu sambandi.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Lægri fjárhæðir eru ekki færðar til eignar sem varanlegir rekstrarfjármunir þó færa megi rök fyrir að endingartími þeirra sé nokkur. Miðað er við að nái einstök eign ekki virði að fjárhæð kr. 600.000 er hún færð strax til gjalda.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluðegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Leigueignir og leiguskuldir

Þegar um skuldbindandi leigusamning er að ræða er færð upp eign sem byggist á nýtingarrétti og á móti er færð upp skuldbinding vegna leigugreiðslna. Fjárhæð samsvarar núvirði framtíðargreiðslna og við afvöxtun er miðað við fjármögnunarkostnað ríkisins til jafnlengdar leigusamningi. Leigueign tekur verðbótum og er afskrifuð línulega yfir leigutíma. Leiguskuld ber vexti og verðbætur. Skammtímaleigusamningar og leiga á eignum með lágt virði eru færðir til gjalda undir viðkomandi rekstrarári.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum embættisins.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2 Tekjufærsla fjárveitinga

	2025	2024
Fjárveiting ársins	803.300.000	786.000.000
Þar af fjárveiting til fjárfestinga, færð á frestaðar tekjur	(7.500.000)	(7.300.000)
Tekjufærsla fjárveitinga til rekstrar	795.800.000	778.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	7.090.722	7.929.334
	<u>802.890.722</u>	<u>786.629.334</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og uppsafnaða stöðu í árslok:

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Fjárveiting samtals
Fjárveiting samkvæmt fjárlögum og fjárukaalögum 2025	795.800.000	7.500.000	803.300.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárveitinga	0	0	0
Fjárveitingar ársins	795.800.000	7.500.000	803.300.000
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í upphafi árs (umframráðstafað)	122.927.577	1.693.435	124.621.012
Ráðstöfun fjárveitinga á árinu að frádregnum sértekjum	(897.042.388)	194.000	(896.848.388)
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í lok árs (umframráðstafað)	21.685.189	9.387.435	31.072.624

Engar rekstrartilfærslur eða fjármagnstilfærslur áttu sér stað á árinu.

3 Seld þjónusta og leigutekjur

	2025	2024
Sérfræðiþjónusta	169.001.352	162.525.690
Mötuneyti	3.262.000	3.127.255
	<u>172.263.352</u>	<u>165.652.945</u>
Leigutekjur	2.413.000	1.440.000
	<u>174.676.352</u>	<u>167.092.945</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	719.094.263	658.025.182
Orlof, breyting	19.348.063	(4.541.699)
Launatengd gjöld	159.112.817	145.331.203
Starfsmannakostnaður	10.463.116	10.636.543
	<u>908.018.259</u>	<u>809.451.229</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	44,1	42,2

Skýringar

	2025	2024
5 Annar rekstrarkostnaður		
Ferða- og dvalarkostn. innanl.....	3.532.052	3.029.277
Ferða- og dvalarkostn. erlendis.....	1.733.658	1.701.675
Fundir, námskeið og risna.....	2.830.310	2.529.866
Akstur.....	366.043	419.855
Ferðir og fundir samtals.....	8.462.063	7.680.673
Tímarit, blöð og bækur.....	439.056	241.143
Skrifstofuvörur og áhöld.....	9.048.638	7.379.544
Aðrar rekstrarvörur.....	535.712	797.117
Keyptar máltíðir og kaffikostnaður.....	14.746.903	14.620.890
Rekstrarvörur samtals.....	24.770.309	23.038.694
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta.....	3.911.283	6.302.720
Önnur sérfræðipjónusta.....	15.318.273	11.270.617
Hugbúnaður, sími og ýmis leigugjöld.....	15.793.094	14.899.211
Prentun,póstur, augl., flutn.....	1.250.171	837.215
Aðkeypt þjónusta samtals.....	36.272.821	33.309.763
Húsaleiga og aðk. ræsting.....	77.196.359	70.977.624
Rafmagn og heitt vatn.....	2.839.763	3.115.367
Verkkaup og byggingavörur.....	1.844.531	7.300.532
Húsnæði samtals.....	81.880.653	81.393.523
Verkstæði og varahlutir.....	209.307	221.767
Brennsluefni og olíur.....	124.932	140.995
Tryggingar og skattar.....	245.062	155.668
Bifreiðar og vélar samtals.....	579.301	518.430
Opinber gjöld, leyfisgjöld.....	2.469.505	2.120.121
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	154.434.652	148.061.204

Skýringar

6 Leigueignir og varanlegir rekstrarfjármunir

31.12.2025

31.12.2024

Ríkisendurskoðun hefur gert bindandi leigusamninga um húsnæði fyrir starfsemi embættisins á Akureyri og er færð upp leigueign vegna þessa. Leigueignir, varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

Leigueignir	29.226.528	35.092.209
Áhöld, tæki og búnaður	12.896.145	18.852.771
Aðrar eignir	2.166.248	3.494.344
	<u>44.288.921</u>	<u>57.439.324</u>

Breytingar á rekstrarárinu 2025:

	Leigueignir	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	40.107.949	92.952.319	3.494.344	136.554.612
Selt/úreitt á árinu	0	0	(194.000)	(194.000)
	<u>40.107.949</u>	<u>92.952.319</u>	<u>3.300.344</u>	<u>136.360.612</u>
Afskriftir 01.01.2025	6.818.710	74.099.548	0	80.918.258
Afskrift/niðurfærsla ársins	7.112.853	5.956.626	1.134.096	14.203.575
	<u>13.931.563</u>	<u>80.056.174</u>	<u>1.134.096</u>	<u>95.121.833</u>
Áfallnar verðbætur	3.050.142	0	0	3.050.142
Staða 31.12.2025	<u>29.226.528</u>	<u>12.896.145</u>	<u>2.166.248</u>	<u>44.288.921</u>

7 Tengdir aðilar

31.12.2025

31.12.2024

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	96.737.488	174.501.115
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	46.059.405	39.399.070
	<u>142.796.893</u>	<u>213.900.185</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	477.984	643.726
	<u>477.984</u>	<u>643.726</u>

8 Eigið fé

2025

2024

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	122.927.577	143.661.541
Afkoma ársins	(101.242.388)	(20.753.258)
Áhrif breyttrar reikningsskilaaðferðar í upphafi árs	0	19.294
Jöfnuður 31.12.	<u>21.685.189</u>	<u>122.927.577</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

9 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Ógreitt orlof	101.655.481	82.307.418
Önnur ógreidd gjöld	362.745	860.000
	<u>102.018.226</u>	<u>83.167.418</u>

10. Leiguskuld, tekjufærsla fjárfestingarheimilda og næsta árs afborgun

Ríkisendurskoðun hefur gert bindandi leigusamninga um húsnæði fyrir starfsemi embættisins á Akureyri og er færð upp leiguskuldbinding vegna þessa. Leigusamningarnir eru verðtryggðir og greinist þannig:

	2025	2024
Staða í upphafi árs	36.142.362	40.088.654
Afborganir á árinu	(6.395.872)	(5.749.262)
Verðbætur ársins	1.247.172	1.802.970
	<u>30.993.662</u>	<u>36.142.362</u>
Næsta árs afborgun	(6.925.936)	(6.395.872)
	<u>24.067.726</u>	<u>29.746.490</u>

Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda endurspeglar uppsafnaða fjármögnun ríkisins til fjárfestinga embættis ríkisendurskoðunar að frádreginni áætlaðri rýrnun eignanna og nemur langtímahuti í árslok 20,7 milljónum króna.

Afborganir af leiguskuld og reiknuð niðurfærsla af frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda greinast þannig á næstu ár:

	Leiguskuld	Fjárheimildir	Samtals
2026	6.925.936	3.809.892	10.735.828
2027	7.394.705	3.270.724	10.665.429
2028	5.257.246	3.111.377	8.368.623
2029	5.067.984	1.843.354	6.911.338
2030	5.411.001	500.680	5.911.681
Eftir 2030	936.790	11.959.701	12.896.491
	<u>30.993.662</u>	<u>24.495.728</u>	<u>55.489.390</u>

11 Aðrar upplýsingar

Leigusamningar

Ríkisendurskoðun hefur gert húsaleigusamning við Ríkiseignir um leigu á 2.128 m² húsnæði að Bríetartúni 7 og Þórunnartúni 6, Reykjavík. Samningurinn er ótímabundinn, en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 6 mánuðir. Leigufjárhæð er bundin vísitölu neysluverðs og nam á árinu 2024 kr. 65.897.640, en kr. 69.041.316 á árinu 2025. Fjárhæð húsaleigu skv. þessum samningi er færð til gjalda ár hvert, en hvorki er reiknuð skuldbinding vegna ógreiddrar húsaleigu, né réttindi henni tengd í ársreikningi, þar sem um óskuldbindandi samninga er að ræða.

Auk þess hefur Ríkisendurskoðun gert tvo bílastæðasamninga í næsta nágrenni við starfsstöðina og nam kostnaður vegna þessa á árinu 2024 kr. 938.004, en kr. 968.802 á árinu 2025.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir, eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF. Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Skýringar

Lífeyrisskuldbindingar

Á grundvelli samkomulags ríkisins og aðila á opinberum vinnumarkaði frá árinu 2016 um breytta skipan lífeyrismála bera einstakar A-hlutastofnanir og embætti ríkisins ekki ábyrgð á tryggingafræðilegum skuldbindingum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), heldur er sú ábyrgð hjá ríkissjóði í heild og færð þannig í ríkisreikningi.

Með lögum nr. 1/1997 um LSR ábyrgist ríkissjóður skv. 32. gr. greiðslu lífeyris og ber þannig ábyrgð á B hluta lífeyrisskuldbindinga.

Með vísan til þessa eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar upp í ársreikningi embættis Ríkisendurskoðunar.

Áfallið orlof á fasta yfirvinnu

Á árinu 2025 féll dómur sem staðfesti að launþegi ætti rétt á greiðslu orlofs af föstum yfirvinnutímum, nema skýrt væri kveðið á um í launasamningi að greiðslur sem þessar væru undanþegnar orlofsrétti. Verið er að fá úr því skorið hvort og að hve miklu leyti skuldbinding sem þessi á við í tilviki embættis Ríkisendurskoðunar. Niðurstaða liggur ekki fyrir, en að hámarki gæti skuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna að því þetta álitaefni varðar numið á bilinu 30 til 40 milljónir króna. Ekki hefur verið færð upp skuldbinding í ársreikningi Ríkisendurskoðunar vegna þessa.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2025.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Aðrir skuldbindandi samningar

Ríkisendurskoðun hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga vegna hugbúnaðar, vistunar kerfa ofl. rekstrarliða og nema árlegar greiðslur vegna þessa um 45,3 milljónum króna.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.